

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vopnaburð Vestmanneyinga.

1866.

8. nóvbr.

Með bréfi dagsettu 1. septembermán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá nokkrum Vestmanneyingum um, að borgurum þar verði almennt gjört að skyldu að kunna að bera vopn, og fylgdi með bænarskránni frumvarp til reglugjörðar handa slíku borgaraliði. Útaf þessu hafið þér getið þess, að það megí að yðar hyggju finna margt ísjárvert í að gjöra þá breytingu á, að eyjarmönnum verði gjört að skyldu að kunna að bera vopn, í stað þess að það nú er undir sjálfum þeim komið, að minnsta kosti mundi naumast vera rétt að koma þessu á, nema búið væri áður að gefa alþingi færi á að segja úlit sitt um það; en hins vegar kynni að vera ástæða til fyrir stjórnina, að styrkja viðleitnina að halda við borgaraliði því, sem nú er, og fjölga því, með því að lofa því fjárstyrk á hverju ári, t. a. m. 20 rd., til þess að veita þeim af liðsmönnum verðlaun, sem skara fram úr öðrum að skotfimi eða í heræfingum, en þó því að eins, að eyjarmenn sjálfir skytu saman jafnmiklu fê á hverju ári til þessa, og mætti þá veita stiptamtinu heimild til, ef til þess kæmi, að staðfesta samþykktir þær, sem borgaraliðinu væri þörf á að koma sêr saman um.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að stjórnarráðinu eins og yður, herra stiptamtmaður, hlýtur að þykja ísjárvert að fallast á bænarskrá þessa, en, ef að þess verður frekar farið á leit, mun verða nákvæmar íhugað, hvort að kynni að mega veita hinu sjálfviljuga borgaraliði á Vestmannaeyjum, ef til verður fê til þess, annan eins fjárstyrk, og þér hafið stungið uppá, í því skyni og með þeim skilmálum, sem vikið hefir verið á, og skal því við bætt, að af stjórnarráðsins hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að þér, herra stiptamtmaður, staðfestið samþykktir þær, sem borgaralið þetta kynni að setja.